

Vinátta

Fri for Mobberi

Kæra foreldri

.....skóli tekur nú þátt í *Vináttu* forvarnaverkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi gegn einelti. bekkir munu taka þátt í verkefninu og þar með barnið þitt. Starfsmenn skólans hafa farið á námskeið og fengið *Vináttu* – námsefnið í hendur.

Vinátta er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla. Barnaheill standa að og gefa út *Vináttu* með góðfúslegu leyfi og í samstarfi við Red Barnet – Save the Children og Mary Fonden í Danmörku, sem þróuðu efnið og nefnist það *Fri for Mobberi* á dönsku.

Mikilvægt er að hefja forvarnarstarf snemma með því að vinna með góðan skólabrag, jákvæð samskipti, félagsfærni, vinsemd og virðingu fyrir margbreytileika í nemendahópnum.

Vinátta byggir á nýjustu rannsóknum á einelti og samskiptum barna. Verkefnið byggir á ákveðinni hugmyndafræði og gildum og raunhæfum verkefnum til að nota með börnum í daglegu skólastarfi.

Taska með fræðsluefni

Um er að ræða tösku sem inniheldur efni til notkunar í daglegu skólastarfi. Hvatt er til samtala og leikja með börnum sem byggja á gildum verkefnisins; umhyggju, virðingu, umburðarlyndi og hugrekki. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum vinnubrögðum, svo sem hlustun, umræðu og tjáningu í leik, jafnt úti sem inni. Efnið er hægt að samþætta öllum námsgreinum skólans. Í töskunni er bangsinn Blær, kennsluleiðbeiningar, verkefnahefti, veggspjöld, samræðuspjöld, klípusögur, sögubók og útinámsbók.

Markmið *Vináttu* - verkefnisins er:

- að samfélagið í skólanum einkennist af umburðarlyndi og virðingu.
- að skapa umhverfi þar sem nemendur sýna hver öðrum umhyggju.
- að nemendur læri að bregðast við neikvæðri hegðun og einelti.
- að virkja einstaklinga og gefa þeim hugrekki til að grípa inn í og styðja félagi sína og verja.

Bangsinn Blær

Blær er táknmynd vináttunnar í verkefinu. Blær á að minna börnin á að passa upp á aðra og að vera góður félagi allra. Blær hjálpar einnig við að tjá tilfinningar og líðan.



Markhópar

Vinátta er ætlað þremur markhópum og í töskunni er efni fyrir þá:

- Kennarar: Mest af efninu er ætlað kennurum til að vinna að með nemendum. Kennarar eru hvattir til að skapa umhverfi gegn einelti og virkja börn í athöfnum sem styrkja tilfinningagreind og sjálfsmynd þeirra.
- Foreldrar: Foreldrar eru mikilvægir samherjar til að stuðla að góðum samskiptum í nemendahópnum og til að koma í veg fyrir einelti og útilokun. Foreldrar eru mikilvægustu fyrirmyndir barnanna í orði og verki. Í skólanum er veggspjald með ráðum til foreldra um góð samskipti og vináttu.
- Nemendur: *Vinátta* stuðlar að samræðum barna um ýmsar aðstæður og hegðun og leiðir til að fyrirbyggja og að takast á við slæmar aðstæður. Jafnframt eru börnin þjálfuð í að setja sér mörk og segja frá.

Það er lykilatriði fyrir árangur að við vinnum saman og allir taki þátt til að koma í veg fyrir einelti og byggja upp jákvæð samskipti og góðan skólabrag.

Þú getur lesið meira um *Vináttu* á <https://www.barnaheill.is/is/forvarnir/vinatta>.

Við hlökkum til að sjá þig á kynningarfundum í skólanum _____ um *Vináttu*.

Bestu kveðjur

